




Loftleiðir fjölga ferðum í sumar

NÝ sumaráætlun Loftleiða hefst 1. maí n.k. og gildir hún til októberloka. Þá fjölga ferðum milli New York og Luxemborgar úr sjö upp í 12 á viku, og Skandinavíu-ferðum frá þrem upp í fimm. Ferðafjöldi milli Íslands, Bretlands og Hollands verður óbreyttur. Flugvélar Loftleiða munu koma og fara til Keflavíkur 34 sinnum í viku hverri. Rolls Royce flugvélar munu eingöngu notaðar til ferða milli Íslands og Bandaríkjanna, svo og til Luxemborgar, en Cloudmasterflugvélar — að öllu óbreyttu því, sem nú er ráðgert — milli Íslands og hinna

Norðurlandanna, Bretlands og Hollands.

Búið er að skrá mikið af farbeiðnum og má gera ráð fyrir að flugvélar Loftleiða verði þéttsetnar á sumri komanda. Fjöldi þeirra viðvalargesta, sem þiggja boð

um að dveljast hér í einn eða tvo sólarhinga, fer mjög vaxandi, og hefir meðaltal þeirra nú í aprílmánuði verið um 30 dag hvern.

Fargjöld Loftleiða verða óbreytt á sumri komanda, en brottfarar- Framhald á 14. síðu

Kommúnistar slíta óvænt ráðstefnu

KARLOVY VARY, 26. apríl (NTB-Reuter) — Hinni alþjóðlegu ráðstefnu kommúnista í Karlovy Vary lauk óvænt í dag, einum degi áður en ráðgert hafði verið. Þeir sem ráðstefnuna sóttu undirrituðu yfirlýsingu um friðar- og öryggismál Evrópu og lýstu yfir stuðningi við hina gömlu til lögu um, að öll ríki Evrópu haldi ráðstefnu um öryggi og friðsamlega samvinnu í Evrópu.

Góðar heimildir herma að sovétka sendinefndin hafi farið fram á að ráðstefnunni yrði hætt í dag þar sem halda ætti mikilvægan fund í Moskvu á morgun. Talið hafði verið, að sovétka kommúnistaleiðtogi Leonid Bresjnev færi frá Karlovy Vary til þess að verða við útför Vladimirs Komarovs geimfara, en allt bendir til þess að hann sé enn í Tékkóslóvakíu.

Embættismenn segja, að ráðstefnunni hafi lokið fyrr en ætlað var þar sem auðveldara hefði verið að ná samkomulagi um mikilvæg mál en búið hefði verið við. Ítalski kommúnistaleiðtogi Luigi Longo sleit ráðstefnunni með áskorun um, að flokkar þeir, sem sendu fulltrúa á ráðstefnuna, bættu samskiptin sín í milli og samskiptin við flokka þá, sem ekki sendu fulltrúa á ráðstefnuna. Hann átti hér greinilega við Júgóslava og Rúmena, sem hundsúðu ráðstefnuna.

Fréttaritarar telja að fundar menn séu andvígir því að Bandaríkjamenn taki þátt í umræðum um öryggi Evrópu. Í tilkynningu um ráðstefnuna er lagt til að bæði NATO og Varsjárbandalagið verði lögð niður.

Enn ráðizt á Hanoi

Saigon 26. apríl (NTB-Reuter) Bandarískar þotur réðust á skotmörk skammt frá Hanoi í Norður-Vietnam í dag, annan daginn í röð. Ráðizt var á mikilvæga vega- og járnbrautarbrú sex kílómetrum fyrir norðan höfuðborgina.

Norður-Vietnamska blaðið „Nhan Dan“ hermdi í dag, að bandarískar spregjuþotur hefðu í gær ráðizt á hafnarhverfið í Haipong. Skotið hefði verið á brezka vöruflutningaskipið „Dartford“ með þeim afleiðingum að 6 menn af áhöfninni hefðu meiðzt.

Bandarískur talsmaður segir, að fimm flugvélar hafi verið skotnar niður yfir Hanoi og Haipong í gær, þar af einni norður vbgk namskri MIG-þotu. Tass hermir að fjórar bandarískar flugvélar hafi verið skotnar niður í dag og ráðizt hafi verið á aðalgötuna í Haipong.

Athugasemd frá málm- og skipasmiðasambandi Íslands

Vegna blaðaviðtals við hr. Guðlaug Hjörleifsson, forstjóra Landssmiðjunnar og formann Meistarafélags járníðnaðarmanna, sem birtust í Þjóðviljanum og Morgunblaðinu varðandi samanburð á kaupum ísl. og erlendra járníðnaðarmanna vill Málm- og skipasmiða samband Íslands upplýsa eftirfarandi:

Samningsbundið kaup íslenskra járníðnaðarmanna er nú lægst kr. 2.410,00 á viku eða kr. 54,76 á klst.

og hæst kr. 2.792,00 á viku eða kr. 63,48 á klst. Það er því ekki rétt sem forstjóri Landssmiðjunnar segir í nefndum viðtölum að kaup íslenskra járníðnaðarmanna sé tæpar 70 kr. á klst.

Samkvæmt upplýsingum, sem M.S.Í. fékk frá höfuðstöðvum V-þýzka málmiðnaðarsambandsins í Frankfurt í dag (26. 4.) var meðalkaup starfsmanna í V-þýzkum skipasmiðastöðvum í október sl. 4,70 v-þýzk mörk á klst. eða ísl.

kr. 50,76, en ekki 4,00 mörk eins og forstjórinn lét hafa eftir sér. Þessi mismunur á kaupum ísl. og v-þýzka járníðnaðarmanna (fagmanna) er þó mun minni, þar sem í meðalkaupinu 4,70 v-þýzk mörk er tekið með kaup ófaglærðra manna og lærlinga í v-þýzkum skipasmiðastöðvum.

Af þessu má sjá að kaup ísl. járníðnaðarmanna getur ekki verið ástæðan fyrir þeim mismun, sem var á tilboðum íslenskra járníðnaðarfyrirtækja og þess tilboðs, sem v-þýzka fyrirtækið gerði í viðgerð á Bjarma II.

Þá má og bæta því við að megnið af þeim viðgerðum á íslenskum skipum sem framkvæmdar eru erlendis, fara fram á Norðurlöndum, en þar er kaup járníðnaðarmanna hærra en hér.

Samkvæmt upplýsingum frá danska málmiðnaðarsambandinu, þá var meðal tímakaup járníðnaðarmanna í Danmörku í október d. kr. 13,07 eða íslenskar kr. 81,20.

Af framansögðu er augljóst að kaup íslenskra járníðnaðarmanna er ekki orsök þess að íslensk járníðnaðarfyrirtæki eru ekki samkeppnisfær við erlend, eins og forstjórinn heldur fram.

Fjölmenni við útför Haralds Böðvarssonar

Reykjavík, Hðan.

Útför Haralds Böðvarssonar útgerðarmanns á Akranesi fór fram í gær frá Akranesirkirkju á látlausan og virðulegan hátt.

Kirkjan rúmaði ekki alla þá, sem komu til að kveðja hinn látna heiðurs- og athafnamann og voru því settir upp hátalarar fyrir utan kirkjuna og í félagsheimili Karla-kórsins Svanir, þar sem fjöldi manns hlýddi á athöfnina. Sóknarpresturinn á Akranesi,

sr. Jón M. Guðjónsson flutti minningarræðu og jarðsöng, Haukur Guðlaugsson organisti lék einleik á orgel, kirkjukór Akranesirkirkju og tvöfaldur kvartett söng. Oddfellowar báru kistuna úr kirkju og síðan sóknarnefnd Akranesirkirkju og safnaðarfulltrúi. Í kirkjugarði báru kistuna skipstjórar og starfsmenn HB & Co. og útvegsmenn, en síðasta spölinn nánustu ættingjar. Jarðsett var að Görðum.

Friðjón Skarphéðinsson á þingi Evrópuráðsins

Skipun fulltrúa Íslands á ráðgjafarþingi Evrópuráðsins í Strasbourg hefur nýlega farið fram. Aðalfulltrúar eru nú Eysteinn Jónsson, Friðjón Skarphéðinsson og Þorvaldur Garðar Kristjánsson, en varamenn þeirra Helgi Bergs, Jón Þorsteinsson og Pétur

Sigurðsson. Ráðgjafarþingið heldur fundi í Strasbourg 24.-28. apríl. Aðeins einn íslensku fulltrúanna gat komið því við að fara til þingsins að þessu sinni. Er það Friðjón Skarphéðinsson fyrrverandi dómsmálaráðherra.